



## STJÓRN SSH 464. fundur

Mánudaginn 26. nóvember 2018, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Rósa Guðbjartsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson og Karl M. Kristjánsson.  
Ennfremur sat fundinn Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Nýr formaður stjórnar, Rósa Guðbjartsdóttir setti fund og stýrði.

Þetta gerðist:

**1. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu /málsnr. 1811004**

Farið var yfir tillögur verkefnahóps SRN, SSH og Vegagerðarinnar um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu sem skipaður var í kjölfar viljayfirlýsingar aðila 21. september sl.  
Þorsteinn R. Hermannson samgöngustjóri Reykjavíkurborgar og fulltrúi SSH í verkefnahópnum fór yfir einstaka þætti máls.

Umræður

**Niðurstaða:**

Tillögur verkefnahópsins verða kynntar samhliða ríkisstjórn og kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum á höfuðborgarsvæðinu, og birtar opinberlega að þeim kynningum loknum. SSH hefur boðað til fundar með kjörnum fulltrúum föstudaginn 30. nóvember nk.

**2. Höfuðborgarstefna /málsnr. 1709002**

Framkvæmdastjóri upplýsti um að boðað hafi verið til fundar í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti til undirbúnings að mótun höfuðborgarsstefnu í samræmi við ákvæði í byggðaáætlun.

**3. Starfsmannamál /málsnr. 1811005**

Fyrir lá bréf framkvæmdastjóra SSH dags. 16. nóvember þar sem hann segir starfi sínu lausu í samræmi við 10. grein ráðningarsamnings.

Framkvæmdastjóra falið að undirbúa og taka saman gögn vegna ráðningarferlis á nýjum framkvæmdastjóra og leggja fyrir næsta stjóranrfund 3. desember.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:40